



Jafnréttisstofa

Kynbundið ofbeldi, kynbundin og  
kynferðisleg áreitni

—

ráðstafanir og viðbrögð  
framhaldsskólanna

---

Samantekt

2023

## Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Framkvæmd og svörun	5
2. Niðurstöður	7
3. Lokaorð og tillögur til úrbóta	11
Viðauki 1	14

## Töflu- og myndayfirlit

TAFLA 1 FRAMHALDSSKÓLAR SEM SVÖRUÐU ERINDI JAFNRÉTTISSTOFU	6
TAFLA 2 FRAMHALDSSKÓLAR SEM SVÖRUÐU EKKI ERINDI JAFNRÉTTISSTOFU	6
TAFLA 3 YFIRLIT YFIR MARKHÓPA NEMENDA	8
TAFLA 4 FRÆDSLAN SEM FRAMHALDSSKÓLAR HAFU BOÐIÐ UPP Á FYRIR NEMENDUR	8
TAFLA 5 AÐGERÐIR SEM BEINAST AÐ FRAMHALDSSKÓLUNUM Í ÞINGSÁÆTLUN UM FORVARNIR	13
MYND 1 DÆMI UM ÁBERANDI TILKYNNINGAHNAPP. AF HEIMASÍÐU TÆKNISKÓLANS.	9

**Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni – ráðstafanir og viðbrögð framhaldsskólanna**  
Janúar 2023

Útgefandi      Jafnréttisstofa  
Borgun við Norðurslóð  
600 Akureyri  
Sími: 4606200  
Veffang: [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)

Textavinnsla: Bryndís Elfa Valdemarsdóttir  
©2023 Jafnréttisstofa  
ISBN 978-9935-428-61-5

## Inngangur

Á grundvelli 5. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnýslu jafnréttismála óskaði Jafnréttisstofa þann 7. október 2022 eftir upplýsingum frá framhaldsskólum um framkvæmd laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Hér er birt samantekt á svörum framhaldsskólanna, ásamt tillögum til úrbóta.

Í 14. gr. laga nr. 150/2020 er fjallað um ábyrgð yfirmanna stofnana, til að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum. Í jafnréttisáætlunum skal tilgreina hvaða ráðstafanir þetta eru og hvernig þeim er fylgt eftir. Í 21. gr. laganna er jafnframt fjallað um bann við mismunun í skólum og öðrum menntastofnunum.

Jafnréttisstofa óskaði í bréfi til framhaldsskólanna eftir stöðumati á þessum þáttum í jafnréttisáætlunum þeirra.

1. Óskað var eftir því að framhaldsskólarnir sendu Jafnréttisstofu gildandi viðbragðsáætlun.
2. Óskað var eftir greinargerð frá framhaldsskólunum um þær fyrirbyggjandi ráðstafanir sem hafa verið gerðar sbr. 14. grein.

Svarhlutfall var 64% og samkvæmt því ættu þær aðgerðir sem samantektin hér að neðan nær til að ná til um 81% framhaldsskólanemenda á landinu.

Helstu niðurstöður eru þær að allir framhaldsskólarnir sem svöruðu beiðni Jafnréttisstofu eru með gilda viðbragðsáætlun fyrir utan tvo skóla þar sem slík áætlun er í smíðum. Viðbragðsáætlanir eru misjafnlegar skýrar og aðgengilegar. Þeir skólar sem svöruðu beiðni Jafnréttisstofu um upplýsingar viðhafa fjölbreyttar ráðstafanir til að fyrirbyggja kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni og koma í veg fyrir mismunun innan veggja skólans. Helst standa skólarnir fyrir fræðslu til skilgreindra hópa nemenda og/eða starfsfólks auk ýmissa áherslna til að valdefla nemendur, tryggja öryggi og góða líðan þeirra, góða skólamenningu og staðblæ.

Af niðurstöðunum má draga að tryggja þurfi betur að fyrirbyggjandi aðgerðir nái til alls starfsfólks og nemenda. Einnig þarf að tryggja að viðbragðsáætlanir séu skýrar bæði að eðli og umfangi, þær þurfa að innihalda viðbrögð bæði gagnvart þolanda og geranda.

## 1. Framkvæmd og svörun

Framhaldsskólum er skylt samkvæmt lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna að setja sér jafnréttisáætlun til þriggja ára. Í 14. gr. laganna er fjallað um ábyrgð yfirmanna stofnana, til að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum. Í jafnréttisáætlunum skal tilgreina hvaða ráðstafanir þetta eru og hvernig þeim er fylgt eftir. Í 21. gr. laganna er jafnframt fjallað um bann við mismunun í skólum og öðrum menntastofnunum.

Jafnréttisáætlun telst gild þegar hún er samþykkt af Jafnréttisstofu. Óskað var í bréfi til framhaldsskólanna, þann 7. október 2022, eftir stöðumati á þáttum þessu tengdu í jafnréttisáætlunum þeirra.

1. Óskað var eftir því að framhaldsskólar sendu Jafnréttisstofu gildandi viðbragðsáætlun.
2. Óskað var eftir greinargerð frá framhaldsskólunum um þær fyrirbyggjandi ráðstafanir sem hafa verið gerðar sbr. 14. grein.

Erindi Jafnréttisstofu var sent í tölvupósti á aðalnetföng 33 framhaldsskóla. Stuðst var við lista yfir framhaldsskóla á vef Menntamálastofnunar auk málaskrár Jafnréttisstofu. Alls fengu 30 hefðbundnir framhaldsskólar og þrjár aðrir viðurkenndir framhaldsskólar bréf Jafnréttisstofu. Skólarnir höfðu frest til og með 28. október til þess að svara erindi Jafnréttisstofu. Alls bárust svör frá 21 framhaldsskóla af 33 og var því svarhlutfallið um 64%. Miðað við nemendatölur skólanna sækja um 81% framhaldsskólanemenda á landinu þá skóla sem svöruðu erindi Jafnréttisstofu.

### *Takmörkun upplýsingaöflunar*

Bréf Jafnréttisstofu var opið, þ.e. kallað var eftir viðbragðsáætlun annars vegar en hins vegar óskað eftir greinargerð um fyrirbyggjandi ráðstafanir án þess að nánar væri tiltekið hvaða ráðstafanir ættu þar að koma fram. Litið var svo á að greinargerðirnar tæku mið af jafnréttisáætlun hvers skóla auk þess að fanga ábyrgð þeirra skv. 14. grein sem fjallað er um hér að ofan. Ekki var því spurt sérstaklega um kyngreindar upplýsingar eða einstaka þætti; svo sem fyrirkomulag kynjafræðikennslu, hvort skólinn væri með tilkynningahnapp, fjölda nemenda og starfsfólks sem hefðu fengið fræðslu os.frv.

Þessi samantekt afmarkast því af þeim upplýsingum sem framhaldsskólarnir sjálfir kjósa að veita Jafnréttisstofu. Jafnréttisstofa hefur ekki áður kallað eftir sambærilegum upplýsingum frá framhaldsskólunum.

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir þá skóla sem svöruðu erindi Jafnréttisstofu ásamt nemendafjölda þeirra og staðsetningu<sup>1</sup>:

---

<sup>1</sup> Fjöldatölur koma frá vef Menntamálastofnunar í desember 2022 með tveim undantekningum; nemendafjöldi *Keilis* er fenginn beint frá skólanum, þær tölur innihalda fjölda nemenda í námi með framhaldsskólaeiningar við *Menntaskólann á Ásbrú* og *Heilsuakademíuna* og nemendafjöldi við *Menntaskóla í tónlist* er fenginn beint frá skólanum, um er að ræða heildar nemendafjölda við skólann.

Nafn framhaldsskóla	Landshluti	Fjöldi nemenda
Borgarholtsskóli	Höfuðborgarsvæðið	1169
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Höfuðborgarsvæðið	1764
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Höfuðborgarsvæðið	767
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Höfuðborgarsvæðið	1579
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Suðurland	1067
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Vesturland	522
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	Höfuðborgarsvæðið	597
Framhaldsskólinn á Húsavík	Norðurland	103
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Höfuðborgarsvæðið	271
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Suðurland	202
Kvennaskólinn í Reykjavík	Höfuðborgarsvæðið	634
Keilir (Menntaskólinn á Ásbrú)	Suðurnes	164
Menntaskólinn að Laugarvatni	Suðurland	136
Menntaskólinn í Kópavogi	Höfuðborgarsvæðið	902
Menntaskólinn í Reykjavík	Höfuðborgarsvæðið	688
Menntaskóli í tónlist	Höfuðborgarsvæðið	195
Menntaskólinn við Hamrahlíð	Höfuðborgarsvæðið	917
Menntaskólinn við Sund	Höfuðborgarsvæðið	727
Tækniskólinn	Höfuðborgarsvæðið	3365
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Norðurland	1093
Verzlunarskóli Íslands	Höfuðborgarsvæðið	1197
		<b>18059</b>

Tafla 1 Framhaldsskólar sem svöruðu erindi Jafnréttisstofu

Í töflu 2 má sjá hvaða tólf framhaldsskólar svöruðu ekki erindi Jafnréttisstofu<sup>2</sup>:

Nafn framhaldsskóla	Landshluti	Fjöldi nemenda
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Norðurland	579
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Vesturland	178
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Suðurnes	980
Framhaldsskólinn á Laugum	Norðurland	103
Framhaldsskólinn í Austur - Skaftafellssýslu	Austurland	151
Menntaskólinn á Akureyri	Norðurland	591
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Austurland	445
Menntaskólinn á Ísafirði	Vestfirðir	330
Menntaskólinn á Tröllaskaga	Norðurland	391
Menntaskóli Borgarfjarðar	Vesturland	152
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Höfuðborgarsvæðið	112
Verkmenntaskóli Austurlands	Austurland	233
		<b>4245</b>

Tafla 2 Framhaldsskólar sem svöruðu ekki erindi Jafnréttisstofu

<sup>2</sup> Fjöldatölur koma frá vef Menntamálastofnunar í desember 2022 að undanskildum nemendafjölda Myndlistaskólans í Reykjavík sem eru fengnar úr ársskýrslu skólans og miðast við vorönn 2022.

## 2. Niðurstöður

Þeir framhaldsskólar sem svöruðu beiðni Jafnréttisstofu sendu að jafnaði greinargott yfirlit sem svaraði erindinu með þeim takmörkunum sem nefndar voru í kafla 1. Hér að neðan er samantekt frá svörum framhaldsskólanna.

### 1. Viðbragðsáætlanir

Í 21. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna er fjallað um bann við mismunun í skólum og öðrum menntastofnunum, á frístundaheimilum og í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Þar kemur fram að yfirmaður stofnunar skuli gæta þess að nemandi, iðkandi eða skjólstæðingur sé ekki látinn gjalda þess að hafa kært kynbundna eða kynferðislega áreitni eða kynjamismunun. Jafnréttisstofa kallaði eftir viðbragðsáætlunum skólanna í því skyni að kanna hvernig þeir uppfylla þessar lagakröfur og hvernig viðbrögðum skólanna er almennt háttað.

Allir skólarnir sem svöruðu eru með gildandi viðbragðsáætlanir fyrir utan tvo skóla þar sem viðbragðsáætlun er í smíðum. Viðbragðsáætlanir eru í einhverjum tilfellum hluti af eineltisáætlun skólans. Nokkrir skólar nefndu sérstaklega miðlæga viðbragðsáætlun Sambands íslenskra framhaldsskólanema og menntamálayfirvalda sem er í smíðum og að sú áætlun verði innleidd þegar hún liggur fyrir.

Lesið var yfir úrtak af viðbragðsáætlunum skólanna sem eru oftast skýrar en misjafnlega ítarlegar. Það kemur fyrir að ekki sé nægilega skýrt hvort viðbrögðin eiga við einelti eða kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi og í sumum áætlunum koma einungis fram viðbrögð við einelti. Einhverjar áætlunanna innihalda ekki skýrar aðgerðir og viðbrögð eftir því hvort um er að ræða starfsfólk eða nemendur og ekki er greint milli viðbragða gagnvart þolanda annars vegar og meints geranda hins vegar.

Sumir skólar birta áætlunina í heild sinni á vef en í einhverjum tilfellum eru einfaldari útgáfur birtar á vef en áætlunina í heild sinni að finna í gæðahandbók viðkomandi skóla. Það er því misjafnt hversu aðgengilegar viðbragðsáætlanir eru fyrir skólasamfélagið, þ.e. nemendur og foreldra.

### 2. Greinargerð um fyrirbyggjandi aðgerðir

Í 14. grein laga nr. 150/2020 segir að yfirmenn stofnana skuli gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum. Jafnréttisstofa óskaði eftir greinargerð frá framhaldsskólunum um hvaða fyrirbyggjandi ráðstafanir hafa verið gerðar.

Greinargerðirnar sem bárust voru í flestum tilfellum nákvæmar og allt frá ítarlegum skýrslum til yfirlitsskjals í excel. Sumir skólanna höfðu til hliðsjónar aðgerðir sem koma fram í jafnréttisáætlunum en aðrir sendu yfirlit yfir allar þær aðgerðir sem gripið hefur verið til, óháð því hvort þær sé að finna í jafnréttisáætlun skólans.

#### *Markhópar*

Ráðstafanir skólanna beinast að ólíkum markhópum nemenda og starfsfólks eftir því hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir er um að ræða hverju sinni. Samkvæmt greinargerðunum er algengast að fyrirbyggjandi aðgerðir séu í formi fræðslu sem beinist að afmörkuðum markhópum nemenda innan skólanna. Þá eru nemendur oftast aðgreindir eftir því hvort þeir eru nýnemar, gegni ákveðinni stöðu

í skólasamfélaginu eða eru á ákveðinni braut. Það er undantekning ef nemendur eru aðgreindir eftir kynjum en þess eru þó dæmi:

„Einnig hefur skólinn boðað stelpur í verkgreinum þar sem meirihluti nemenda eru strákar til samráðsfundar....“

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Í þeim tilfellum sem fræðsla stendur „öllum“ til boða er algengast að ekki sé um skyldufræðslu að ræða. Öllu jafna standa skólarnir sjálfir fyrir verkefnum/aðgerðum en einnig eru dæmi um að öflug nemendafélög, jafnréttisnefndir og foreldrafélög standi til fyrir fræðslu.

#### Fræðsla til nemenda

Fræðsla til nemenda er af ólíkum toga og vettvangur fræðslunnar er misjafn sem endurspeglast í fjölbreytni markhópanna. Sumar tegundir fræðslu eru algengari en aðrar og má ætla að skólarnir kappkosti að bjóða upp á faglega og upplýsandi fræðslu hverju sinni:

Markópar nemenda sem eru oftast nefndir:	Markhópar nemenda sem eru síður nefndir:
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Nýnemar</li> <li>▪ Nemendafélag</li> <li>▪ Nemendur á bóknámsbrautum</li> <li>▪ Nemendaráð eða sambærilegt</li> <li>▪ Nemendur í kynjafræði</li> <li>▪ Nemendur í öðru vali en kynjafræði</li> <li>▪ Nemendur sem mæta á opna kynningarfundum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Nemendur í starfsnámsbrautum eða sambærilegu, t.d. iðn- og verknámsbrautum<sup>3</sup></li> <li>▪ Nemendur á sérnáms- og starfsbrautum<sup>4</sup></li> <li>▪ Nemendur á listnámsbrautum</li> </ul>

Tafla 3 Yfirlit yfir markhópa nemenda

Eftirfarandi fræðsla var oftast nefnd í svörum skólanna:

Heiti/tegund fræðslu	Framkvæmdaraðili
Ástráður	Kynfræðslufélag læknanema
Fávitar	Sólborg Guðbrandsdóttir
Geðlestin	Geðhjálp
Hinsegin fræðsla	Samtökin 78 o.fl.
Hugrún geðfræðsla	Hugrún, geðfræðslufélag
Jákvæð karlmennska og jafnrétti	Karlmennskan
Kynfræðsla	Sigga Dögg
Kvan til nemenda	Kvan
Ofbeldisfræðsla	Ofbeldisforvarnarskólinn
Sjúkást	Stígamót

Tafla 4 Fræðslan sem framhaldsskólar hafa boðið upp á fyrir nemendur

<sup>3</sup> Samkvæmt vefsíðu Menntamálastofnunar er *starfsnám* ýmist skilgreint sem nám á framhaldsskólastigi sem leiðir til starfa á vinnumarkaði eða nám sem byggir ofan á nám á framhaldsskólastigi og leiðir til starfa á vinnumarkaði. Samkvæmt vefsíðum framhaldsskólanna fella ýmsir skólar *iðnnám* og/eða *verknám* undir það sama eða sambærilegt. Einnig er misjafnt hvort framhaldsskólarnir flokki nám innan leiða eða brauta.

<sup>4</sup> Samkvæmt upplýsingum á vef Menntamálastofnunar eru starfsbrautir ætlaðar fötluðum nemendum. Við skimun á vefsíðum framhaldsskólanna sem bjóða slíkar brautir er það þó misjafnt og sérnám einnig felld undir sambærilegt.



### Fræðsla fyrir starfsfólk

Skólarnir veita í flestum tilfellum ekki eins miklar upplýsingar um þá fræðslu sem þeir tryggja fyrir starfsfólk. Fræðslan til starfsfólks er ýmist ætluð öllu starfsfólki eða stjórnendum. Ekki má gleyma því að algengt er að kennarar sitji fræðslur sem ætlaðar eru nemendum þó svo að það sé ekki algilt og sú fræðsla er þá ekki miðuð sérstaklega að starfsfólki. Starfsfólk fræðist einnig á kennarafundum, þemadögum og algengt er að starfsfólk fái sambærilega fræðslu og nemendur. Algengustu tegundir fræðslu til starfsfólks eru eftirfarandi:


- Hinsegin fræðsla
- Kynjafræði
- Samskipti og viðhorf
- Ofbeldisfræðsla

### Kynjafræði í framhaldsskólum

Ekki var þess krafist í erindi Jafnréttisstofu að gera grein fyrir kynjafræðikennslu innan framhaldsskólanna en nokkrir skólar taka engu að síður fram hvernig henni er háttað. Einn skóli tekur fram að kynjafræði sé orðin skyldufag, aðrir þrír að kynjafræðin sé valáfangi og tveir skólar tilgreina að hún sé skyldufag á sérstökum brautum.

### Tilkynningahnappur

Ekki var spurt um tilkynningahnapp á heimasíðum skólanna en sex skólar taka fram að slíkur hnappur er á heimasíðunni. Jafnréttisstofa tók stikkprufur af tilkynningahnöppum sem voru misjafnlega áberandi. Í flestum tilfellum er hægt að tilkynna ýmist í nafni eða nafnlaust.



Mynd 1 Dæmi um áberandi tilkynningahnapp. Af heimasíðu Tækniskólans.

### Sérstakar áherslur og stuðningskerfi

Í svörum framhaldsskólanna kemur fram að þeir viðhafa fjölbreytta nálgun hvað varðar almennan stuðning og eftirfylgni með líðan nemenda. Margir skólanna hafa aukið áherslur á þennan þátt eftir tímabil heimsfaraldurs með sérstökum áherslum og stuðningskerfi sem valdeflir nemendur en styður ekki síður við góða skólamenningu og viðbragðsáætlanir skólanna. Sérstakar jafnréttisáherslur eru oft nefndar í þessu samhengi:

*„Skólinn hefur einnig þétt utanumhald utan um hvern staðnemanda, hver nemandi fer tvisvar á önn í vörðuviðtal til allra kennaranna sinna, auk þess sem hver nemandi hefur fengið úthlutað umsjónakennara sem fylgist með málefnum nemandans og fundar reglulega yfir önnina um námsframvindu og líðan nemenda.“*

*Framhaldsskólinn á Húsavík*

*„Á vegum nemendafélagsins er m.a. rekið öflugt og virkt hinsegin félag Tækniskólans Heiður. Fulltrúar þess önnuðust fræðslu til allra starfsmanna nú í októbermánuði.“*

*Tækniskólinn*

*„Einn morguninn blés skólameistari til húspings, ræddi um fordómaleysi og fjölbreytileika og skartaði stoltur lökkuðum nöglum í hinseginlitunum.“*

*Menntaskólinn á Laugarvatni*

*„Í skólanum er öflugt stuðningskerfi sbr. sálfræðingur, þrjú náms- og starfráðgjafar, tveir hjúkrunarfræðingar sem er liður í því að fræða og auðvelda aðgengi skólasamfélagsins að fagfólki á mismunandi sviðum.“*

*Fjölbrautaskólinn við Ármúla*

Dæmi um áherslur og stuðningskerfi:

- Skólaþing með mannréttindaáherslu.
- Bætt aðgengi að sálfræðingum, náms- og starfsráðgjöfum og hjúkrunarfræðingi.
- Virkt jafnréttisráð með þátttöku starfsfólks og nemenda.
- Jafnréttiskvarði lagður fyrir kennara.
- Jafnréttisfræðsla fléttuð inn í allar námsgreinar.
- Aukin gæsla í skólaferðum.
- Endurskoðaður viðtalsrammi umsjónarkennara við nemendur.
- Samskiptasáttmáli nemenda og starfsmanna.
- Gátlisti um jafnrétti og kynheilbrigði.

### 3. Lokaorð og tillögur til úrbóta

Það eru fjölmargar leiðir til þess að fyrirbyggja kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni. Valdefling, vernd og fræðsla eru þær aðgerðir sem oft eru nefndar í þessu samhengi og koma meðal annars við sögu í svörum framhaldsskólanna við erindi Jafnréttisstofu.

- **Valdefling** er að dreifa valdi og færa það til þeirra sem ekki hafa haft það. Valdefling er að efla vald fólks yfir aðstæðum sínum og lífi meðal annars með því að efla sjálf og sjálfsmýnd fólks, sjálfstraust, félagslega stöðu, sjálfsvirðingu og lífsgæði.
- **Vernd** er að fyrirbyggja ofbeldi með öllum tiltækum ráðum. Í því felst að vinna gegn, uppræta, draga gerendur til ábyrgðar og aðstoða þolendur.
- **Fræðsla** er beitt vopn til þess að fyrirbyggja kynbundið ofbeldi. Með aukinni vitundarvakningu og opinni umræðu er hægt að veita meiri og betri verkfæri til að stöðva allt ofbeldi og takast á við það.

#### *Metnaður og gott stuðningskerfi*

Þessi samantekt sýnir að íslenskir framhaldsskólar hafa ríkan metnað til þess að tryggja góða skólamenningu með fjölbreyttri nálgun og aukinni þekkingu á viðfangsefninu innan skólanna. Þeir nota blöndu að valdeflingu, vernd og fræðslu til þess að tryggja nemendum sínum heilbriggt og öruggt skólaumhverfi.

Skólarnir eru vel upplýstir um skyldur sínar og í mörgum tilfellum er gengið lengra en lög segja til um, þ.e. aðgerðirnar beinast af því að tryggja góða skólamenningu og næra þann farveg sem skapar góð gildi en ekki einungis að því að bregðast við þegar erfið mál koma upp eða tryggja sértækar aðgerðir til að koma í veg fyrir ákveðna hegðun.

Innan skólanna hefur skapast þekking ýmissa fagstétta sem vinna þétt saman að því að skapa hinn góða skólaanda. Til að mynda kemur fram að skólarnir hafa í flestum tilfellum eftt stuðningskerfi sitt fyrir nemendur og starfsfólk, utanumhald er víðast hvar nokkuð þétt og skólunum er annt um að sporna gegn brottfalli. Þeir nýta einnig þann kraft og þá þekkingu sem býr í nemendum sjálfum til þess að skapa góðan grunn að jafningjasamfélagi.

#### *Ráðstafanir þurfa að ná til allra nemenda og alls starfsfólks*

Fram kemur í greinargerðum skólanna að fyrirbyggjandi ráðstafanir beinast oft að sérstökum markhópum innan skólasamfélagsins. Nýnemar fá í flestum skólum fræðslu og því má ætla að flestir nemendur fá einu sinni fræðslu á sínum framhaldsskólaferli. Það þarf þó að vera tryggt og innihald og markmið þeirrar fræðslu þarf að vera skýrt. Í skólunum gætu verið hópar sem þurfa meira á fræðslu að halda sem þeir hafa ekki fengið sem nýnemar. Fræðsla um tiltekið málefni í eitt skipti skilar oft litlu, halda þarf umræðunni gangandi og fylgja því eftir til að hún nái markmiði sínu. Sömuleiðis er óljóst hvaða fræðsla er tryggð til starfsfólks. Aðgerðir þurfa að ná til alls starfsfólks og allra nemenda.

### *Tillögur til úrbóta*

Ljóst er að staðan er misjöfn meðal skólanna en brýnt er að hver og einn skóli greini hvar úrbóta er þörf. Gott væri að slík greining mundi fela í sér kyngreindar upplýsingar í ljósi þess að námsval í íslenskum framhaldsskólum er að mörgu leyti kynjað sérstaklega þegar litið er til iðn- og starfsnámsbrauta þar sem fræðslan um kynbundið ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynbundna áreitni er minnst. Til að mynda eru 70% þeirra sem stunda starfsnám í framhaldsskólum<sup>5</sup> karlkyns, þar af eru 93% nemenda í bæði húsasmíði og rafvirkjun karlkyns. Kyngreinda tölfræði þarf að skoða í samhengi við heildarsamsetningu nemenda í hverjum skóla og niður á námsbrautir. Markhópa þarf að ákveða með tilliti til innihalds og markmiða með fræðslu hverju sinni. Ávallt skal gæta kynja- og annara jafnréttissjónarmiða og huga sérstaklega að viðkvæmum hópum í skólasamfélaginu.

Viðbragðsáætlanir gegn kynbundnu ofbeldi og kynbundinni og kynferðislegri áreitni ættu að vera aðgengilegar í heild sinni fyrir allt skólasamfélagið. Þær þurfa að vera skýrar að eðli og umfangi, innihalda skýr viðbrögð og eftirfylgni bæði hvað varðar þolendur og gerendur.

Hér að neðan eru tillögur til skólanna um úrbætur:

- Tryggja að viðbragðsáætlanir séu aðgengilegar á heimasíðum.
- Skýra viðbrögð gagnvart þolendum og meintum gerendum.
- Skýra umfang viðbragðsáætlanana, þ.e. gagnvart nemendum og starfsfólki.
- Greina eftir kynjum hvaða nemenda- og námshópar hafa fengið fræðslu og hvar frekari fræðslu er þörf.
- Tryggja fræðslu til allra nemenda innan skólans óháð áhuga eða námsbraut sem nemendur sækja.
- Tryggja fræðslu til alls starfsfólks.
  - Vinnustaðfræðslu.
  - Fræðslu um nemendamál.
- Rýna reglulega innihald þeirrar fræðslu sem boðið er upp á.
- Tilkynningahnappur á heimasíðu er gott verkfæri.
- Halda áfram að stuðla í orði og verki að ofbeldislausri menningu innan skólanna.
- Nýta sköpunarkraftinn sem býr í nemendum og starfsfólki skólanna.

### *Þingsályktun um forvarnir*

Alþingi samþykkti í júní 2021, þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025. Áætluninni fylgja 26 aðgerðir sem eru brotnar niður á sex meginþætti og einn af þeim eru aðgerðir sem beinast að framhaldsskólunum. Þær eru fimm talsins og framhaldsskólunum ættu nú þegar að vera kunnugt um þær:

---

<sup>5</sup> Sama og 3.

Aðgerð	Staða	Stutt lýsing
Forvarnir í tenglum við verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli	Lokið	Virkja net tengiliða. Ofbeldisfræðsla og útgáfa yfirlitsskjals til notkunar í miðlæga viðbragðsáætlun.
Fræðsla starfsfólks	Hafið	Tryggja að allt starfsfólk fái lágmarksfræðslu. Netnámskeið verði aðgengilegt.
Þróun námsefnis fyrir framhaldsskóla	Komið vel á veg	Aðgengi að vönduðu námsefni ásamt kennsluleiðbeiningum. Tekið tillit til ólíkra þarfa og aðstæðna einstaklinga og hópa. Uppfærsla á því námsefni sem er til og nýtt þar sem upp á vantar. Efnið fer á vefinn Stopp ofbeldi.
Námsefni fyrir starfsbrautir	Komið vel á veg	Próa gagnvirkt námsefni fyrir nemendur starfsbrauta. Efnið fer á vefinn Stopp ofbeldi.
Efling kynjafræðikennslu	Hafið	Staðið verði fyrir kynningarátaki um gildi kynjafræðikennslu og þess að gera greinina að skyldufagi.

Tafla 5 Aðgerðir sem beinast að framhaldsskólunum í þingsáætlun um forvarnir

Aðgerðirnar sem eru taldar upp í töflu 5 ættu að styðja vel við þær úrbætur sem er lagðar eru til hér að ofan og áframhaldandi vinnu framhaldsskólanna við að fyrirbyggja kynbundið ofbeldi og kynferðislega og kynbundna áreitni.

Jafnréttisstofa óskar framhaldsskólunum góðs gengis og þakkar þeim skólum sem svöruðu erindinu fyrir viðbrögðin og greinargóðar upplýsingar.

## Viðauki 1

### Bréf Jafnréttisstofu til framhaldsskólanna

Akureyri, 7. október 2022

#### Efni: Beiðni um stöðu aðgerða í jafnréttisáætlun

Á grundvelli 5. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála óskar Jafnréttisstofa eftir upplýsingum frá framhaldsskólum um framkvæmd laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Jafnréttisstofa hefur samþykkt jafnréttisáætlun skólans þar sem fram koma m.a. aðgerðir til að uppfylla skilyrði 14. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Í 14. gr. laganna er fjallað um ábyrgð yfirmanna stofnana, til að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum. Í jafnréttisáætlunum skal tilgreina hvaða ráðstafanir þetta eru og hvernig þeim er fylgt eftir. Í 21. gr. laganna er jafnframt fjallað um bann við mismunun í skólum og öðrum menntastofnunum.

Jafnréttisstofa óskar eftir stöðumati á þessum þætti aðgerðaráætlunar skólans.

1. Óskað er eftir því að fá viðbragðsáætlun skólans senda.
2. Óskað er eftir greinargerð um þær fyrirbyggjandi ráðstafanir sem hafa verið gerðar sbr. 14. grein.

Skólastjórnandi er beiðinn um að senda Jafnréttisstofu upplýsingarnar á netfangið [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is) fyrir 28. október nk.

Nánari upplýsingar og ítarefni varðandi kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni er að finna á heimasíðu Jafnréttisstofu ([www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)). Jafnframt er bent á námskeið sem vinnustöðum stendur til boða.

Virðingafyllst,



Katrín Björg Ríkarðsdóttir  
framkvæmdastjóri



Jafnréttisstofa